



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Melkorka og Víkingur

28. janúar 2016





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Gullský: 14'00"

Strati: 10'00"

Píanókonsert: 30'00"

Act: 10'30"

**MYRKIR
MÚSÍKDAGAR**

Tónleikar kvöldsins eru upphafstónleikar Myrkra músíkdaga.

 @DarkMusicDays

Mynd á kápu:

Júlía Mogensen, sellóleikari, Dean Ferrell og Páll Hannesson, bassaleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



@icelandsymphony #sinfó www.sinfonia.is

Melkorka og Víkingur

Tónleikar í Eldborg 28. janúar 2016 » 19:30

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Melkorka Ólafsdóttir einleikari

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Áskell Mátsson

Gullský (2015, frumflutningur)

Haukur Tómasson

Strati (1993/1999)

Hlé

Pórður Magnússon

Píanókonsert (2015, frumflutningur)

Allegro ma non troppo

Andante

Rondo - Allegro

Rolf Wallin

Act (2004)

Daníel Bjarnason

hljómssveitarstjóri



 @DanielBjarnason

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómssveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómssveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómssveita og má þar m.a. nefna Los Angeles Philharmonic, New York Philharmonic, Toronto Symphony Orchestra, Melbourne Symphony Orchestra, BBC Scottish Symphony Orchestra, Residentie Orkest, Ulster Orchestra, Winnipeg Symphony Orchestra, Adelaide Symphony Orchestra, Britten Sinfonia og Sinfonietta Cracovia auk Hljómssveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómssveitar Íslands. Einnig hefur hann starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder, Ilan Volkov og Alexander Mickelthwate auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómssveitir á borð við Sigurrós, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur einnig stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á *Ástardrykknum*, *Rigoletto*, *Töfraflautunni* og *La bohème*.

Daníel hefur gefið út þrjú hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómssveitar Íslands og gegnir sem slíkur margþættu hlutverki bæði sem hljómssveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómssveitarinnar og stýra tónskáldastofu.

Melkorka Ólafsdóttir

einleikari



Melkorka Ólafsdóttir stundaði flautunám á Íslandi hjá Bernharði Wilkinson, Hallfríði Ólafsdóttur og Maríu Cederborg. Hún lauk prófum frá Listaháskóla Íslands og Konservatoríunum í Haag og Amsterdam. Þá stundaði hún meistaranám við Guildhall School of Music and Drama í London og hlaut þar James Galway-verðlaunin. Um árabíl sótti hún tíma til Patrick Gallois í París og lauk hjá honum Premier Prix og Prix de Excellence-prófum með hæstu einkunn.

Melkorka hefur leikið með ýmsum hljóðfærahópum, þar á meðal Orkester Norden, Blásarakvintett Reykjavíkur, Caput, Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Het Nieuw Ensemble, Rotterdam fílharmóníuhljómsveitinni og Concertgebouw-hljómsveitinni. Hún var einn stofnenda kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur frá árinu 2006 sinnt afleysingum í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðustu misseri hefur hún leikið fyrstu flautu í hljómsveit Íslensku óperunnar. Árin 2011–2013 gegndi hún leiðarstöðu í Hyogo Performing Arts Center Orchestra í Japan.

Melkorka hefur haldið einleikstónleika í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Hún hreppti fjórða sæti í hinni alþjóðlegu Carl Nielsen-keppni árið 2010. Melkorka hefur komið fram sem einleikari með ýmsum sveitum, t.d. Caput, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Óðinsvéa, Hyogo Performing Arts Center Orchestra og Sinfóníuhljómsveit Íslands í þriggung. Í desember 2014 gaf hún út geislaplötu með 12 einleiksfantasíum Georgs Philipps Telemann, sem hún lék á Abel viðarflautu.

Víkingur Heiðar Ólafsson

einleikari



 @VikingurMusic

Víkingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníu-hljómsveit Íslands árið 2001 og hefur síðan komið fram með þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Leikur hans hefur víða hlotið umfjöllun og lof: New York Sun hefur sagt hann „fæddan til að spila á píanó“, Sunday Times hefur kallað hann „rísandi stjörnuþíanista“ og Piano News talað um „ótrúlega hæfileika ... þið verðið að hlusta á þennan þíanista“.

Veturinn 2015–16 leikur Víkingur píanókonserter eftir Skrjabin, Beethoven, Liszt, Daniel Bjarnason, Brahms, og Tsjajkovskij með hljómsveitum á borð við Tampere Philharmonic, Ulster Orchestra (Rafael Payare), Philharmonia Orchestra og Dönsku útvarpshljómsveitina (Vladimir Ashkenzy), auk þess að frumflytja píanókoncert Þórðar Magnússonar með Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum Músíkdögum í janúar 2016. Í febrúar stýrir hann í fyrsta sinn Vinterfest-tónlistarhátíðinni í Svíþjóð, en hann tekur við sem listrænn stjórnandi af klarínnettuleikaranum Martin Fröst. Þá stýrir hann áfram Reykjavík Midsummer Music-tónlistarhátíðinni í Hörpu, en hátíðina stofnaði hann árið 2012.

Víkingur vann að gerð sjónvarpsþáttanna Útúrdúr sem voru á dagskrá RÚV árin 2013–15 og hefur gefið út þrjá geisladiska hjá útgáfufyrirtæki sínu Dirrindí. Í október síðastliðnum gaf Deutsche Grammophon út heildarverk Igors Stravinskij en þar er m.a. að finna nýjar upptökur með leik Víkings.

Víkingur stundaði nám hjá Erlu Stefánsdóttur og Peter Máté við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar hjá Jerome Lowenthal og Robert McDonald við Juilliard-skólann. Hann hlaut ýmsa styrki á námsárunum, m.a. úr Minningarsjóði um Birgi Einarson. Hann hefur fjórum sinnum verið valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.

Áskell Másson

Gullský - flautukonsert



Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verk Áskels Mássonar í fyrsta sinn á tónleikum 26. nóvember árið 1981. Þar var á ferðinni nýr klarínettukonsert sem Einar Jóhannesson spilaði undir stjórn pólsk-ísrælska hljómsveitarstjórans Gabriels Chmura. Síðan þá hefur hljómsveitin leikið mörg verk Áskels, meðal annars 8 aðra einleikskonserta, síðast slagverkskonsertinn í Hörpu snemma árs 2014 þar sem slagverkshópurinn Kroumata fór með einleikshlutverkið. Þá flutti hljómsveitin hljómsveitarverkið Frón nokkrum sinnum á ferð sinni til Þýskalands í desember 1993.

Áskell Másson (f. 1953) er í röð fremstu og afkastamestu tónskálda þjóðarinnar. Hann vakti snemma alþjóðlega athygli fyrir frumleika og óvenjulega nálgun í tónsmíðum sínum fyrir slagverk og eru mörg þessara verka skylduverkefni í tónlistarháskólum víða í Evrópu, Japan og Bandaríkjunum.

Verk Áskels heyrast reglulega í virtustu tónleikahúsum heims í flutningi nafntogaðra hljómsveita, einleikara og stjórnenda. Fíharmóníuhljómsveitin í New York, slagverkssnillingurinn Dame Evelyn Glennie og hljómsveitarstjórinn Esa-Pekka Salonen eru stök dæmi um listamenn sem flutt hafa tónlist hans. Í september á nýliðnu hausti var kammerhljómsveitarverk Áskels, *Shades*, frumflutt í Lincoln Center af New Juilliard Ensemble undir stjórn Joels Sachs.

Meðal helstu verka Áskels eru óperan *Klakahöllin*, *Cecilia óratorían*, fjórar sinfóníur, 17 konsertar, hljómsveitarverkin *Rún*, *Frón*, *För*, *Októ Nóvember* [samið í minningu langafa Áskels sem hét þessu nafni] og *Hvörf*, kammerhljómsveitarverkin *Elja*, *Ymni*, *Maes Howe* og gnægð sóló- og kammerverka fyrir fjölmargar hljóðfærasamsetningar. Þá hefur hann samið kvikmyndatónlist, leikhúsmúsík og tónlist fyrir sjónvarpsþætti.

Hinn virti gagnrýnandi Höfuðborgarblaðsins í Helsinki Mats Liljeroos nefndi Áskel nýlega í blaðagrein eitt helsta núlifandi tónskáld Norðurlanda.

Um verk sitt segir höfundurinn:

„Ég var staddur í Róm á árinu 2004 þegar ég fékk þá hugmynd að skrifa verk fyrir strengjasveit sem væri að því leyti sérstök að notaðir væru aðallega lausir strengir og flautu- eða yfirtónar. Ég hafði þá lesið bók um þau miklu mannlegu örlög sem tengst hafa ánni Tíber og hennar löngu sögu. Fannst mér ég þyrfti að nota einhverja „náttúrutóna“ til þess að lýsa

Þessum hughrifum og var ég þá ekki síst með hina löngu liti sögunnar í huga. Eftir að heim til Íslands var komið fannst mér hins vegar að þessi grunnhugmynd mín um náttúrutóna ætti líklega mun betur við um okkar sérstæðu birtu og fyrirbæri himinsins. Fannst mér rétt tilefni vera komið þegar ég heyrði Melkorku Ólafsdóttur leika á gullna flautu sína og ég las ritgerð Einars Benediktssonar sem hann kallar Gullský.

Einar mun hafa verið rétt um þrítugt þegar hann heillaðist af svokölluðum Glitskýjum sem hann sá á ferð sinni um Svalbarð á Melrakkaslétu árið 1893. Úr varð, að hann skrifaði heimspekilega hugleiðingu sem hann nefndi Gullský. Verk mitt er því frjálst hugleiðing í tónalitum og línnum sem vefjast saman og mynda tónalandslag sem er á sífelldri hreyfingu.

Verkið er skrifað fyrir einleiksflautu, hörpu, slagverk og strengjasveit.

Einleikarinn, harpan og pákur eru staðsett fyrir framan strengjasveitina, en slagverkið fyrir aftan. Þar sem einn slagverksleikarinn leikur einnig á pákur, kallast pákurnar á fyrir framan og aftan hljómsveitina. Flautu- og hörpu-parturinn eru mjög samtvinnnaðir og leika stundum saman í kvarttónum. Eins og áður sagði, er mikið um svokallaðar „scordatura“ stillingar í strengjahljóðfærunum, þ.e.a.s. strengirnir eru stilltir á aðrar nótur en venjulega og er það gert til þess að ná fram þeim „náttúrulega“ blæ sem áður er lýst.“

Brot úr ritgerð Einars Benediktssonar:

„En hæst uppi yfir fjallsenninu, sem lypti sér upp í móti kvöldgeislunum, hinum megin við fjörðinn, þar hvíldi gullský á vængjunum, grafkyrrt, ómælanlega langar leiðir uppi yfir öllu, sem bjó á jörðunni. Það var eins og blómknýti, bundið saman af ósýnilegum höndum með geislaflingrum. Upp úr því teygðu sig gullblöð og þéttir, skínandi ljósstiklar, enn hærra upp yfir hin ystu mörk, sem auga hans náði til.“

Haukur Tómasson

Strati



Haukur Tómasson er fæddur í Reykjavík árið 1960. Hann stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni, og síðar í Köln, Amsterdam og við Kaliforníuháskóla í San Diego. Meðal verka hans má nefna óperuna *Fjórða söng Guðrúnar*, 9 hljómsveitarverk, *Fíðlukonsert* sem saminn var fyrir Sigrúnu Eðvaldsdóttur, flautukonserta og fjölbreytta kammer- og kórtónlist. Haukur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar svo sem tvívegis verðlaun í tónverkasamkeppni RÚV, Bjartsýnisverðlaun Bröste 1996 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir verkin *Ardente* og *Moldarljós*. Þá bar verk hans *Í sjöunda himni* sigur úr bítum í samkeppni um tónverk til flutnings á opunarhátíð Hörpu árið 2011. Haukur fékk tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperuna *Fjórði söngur Guðrúnar*.

Strati var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Páls P. Pálssonar haustið 1993. Eivind Aadland stýrði síðan flutningi verksins árið 2009 og ritaði Árni Heimir Ingólfsson þá eftirfarandi í tónleikaskrána:

Tónlistin á Íslandi

Tónlist Hauks Tómassonar hljómaði í fyrsta sinn í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir réttum 23 árum. Það var hljómsveitarverkið *Afsprengi* sem lærifaðir Leifs Þórarinssonar, tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Gunther Schuller, stjórnaði á tónleikum hljómsveitarinnar í Háskólabíói 28. janúar 1993. *Strati* var síðan frumflutt á Tónvakatónleikum 30. september sama ár, og til dagsins í dag hefur Sinfóníuhljómsveitin flutt á annan tug hljómsveitarverka Hauks og nokkur þeirra oft en einu sinni.

„*Strati* er annað hljómsveitarverkið sem Haukur samdi á ferli sínum og afar ólíkt hinu fyrsta, *Afsprengi* (1990). *Strati* einkennist af björtum litum á efra tónsviði hljóðfæranna. Verkið er í þremur hlutum. Eftir dulúðlegan inngang hefst kafli þar sem stöðugt skiptast á bjartar línur með áberandi píanóstrófum og stuttir, liggjandi hljómar. Miðkaflinn er rytmískur, og hér gefur Haukur hverjum hljóðfærahópi sitt eigið rytmíska efni í stað þess að blanda þeim saman milli ólíkra hljóðfæra. Síðasti hluti verksins er jafnframt sá dramatískasti. Eftir djúpa og drungalega málmblásturshljóma tekur við einfaldur og lagrænn hluti, sem Haukur endurnýtti í *Fjórða söng Guðrúnar* nokkrum árum síðar.“

Þórður Magnússon

Píanókonsert



Tónlistin á Íslandi

Þórður Magnússon er yngstur höfundanna sem eiga verk á efnisskrá þessara tónleika. Píanókonsertinn er fjórða hljómsveitarverk Þórðar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur opinberlega. Fyrsta verkið, *Sinfonietta*, var flutt á tónleikum í Háskólabíói 5. febrúar 2004 undir stjórn sænska hljómsveitarstjórans Niklas Wallén. Þá stjórnaði Rumon Gamba verkinu það mótlæti *Þankinn ber í maílok* árið 2007. Síðast heyrðist hljómsveitarverkið *Námur á tónleikum til heiðurs Jóni Nordal* vorið 2010 undir stjórn enska hljómsveitarstjórans Andrews Massey. Þess má geta að saxófónkvartett Þórðar verður fluttur á yfirstandandi hátíð Myrkra músíkdaga.

Þórður Magnússon tónskáld er fæddur í Reykjavík árið 1973. Hann lauk prófi í tónsmíðum og tónfræði við framhaldsdeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1996 og nam í kjölfarið veturlangt við Conservatoire de Paris sem handhafi verðlauna sem kennd eru við Jean-Pierre Jacquillat. Þórður hefur ennfremur tekið þátt í Young Nordic Music Festival í Helsinki og Kaupmannahöfn auk þess sem hann hefur sótt námskeið og fyrirlestra hjá Philippe Manoury og Magnus Lindberg auk annarra. Eftir heimkomuna til Íslands hefur Þórður öðlast viðurkenningu sem mikilsvirt tónskáld og útsetjari. Frá árinu 2002 hefur hann kennt tónsmíðar, hljómfræði, tónheyrn, tónlistarsögu og kontrapunkt við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Garðabæjar.

Konsert fyrir píanó og hljómsveit er saminn að beiðni Víkings Heiðars Ólafssonar sem hluti af flokki píanókonsertera eftir íslensk samtímatónskáld.

Um verk sitt segir höfundurinn:

„Verkið fylgir hefðbundnu klassísku formi píanókonsersts og er í þremur köflum þar sem fyrsti kaflinn er í sönötuformi með tvöfaldri framsögu. Því næst hægum kafla og að lokum hröðum Rondo kafla. Verkið byggir að stórum hluta á laglínunni *Meðan hringinn hönd þín ber* sem fengin er að láni af silfurplötum Iðunnar, þar flutt af Jóni Eiríkssyni, 9 ára.

Tónsmíðalega á þetta verk sér svoltið langa sögu. Upphaflega var efniviður þess hugsaður sem kafla í kvartett þar sem honum reyndist svo ofaukið. Þá fékk ég beiðni um að semja píanókonsert fyrir vinstri hönd og hélt ég þá áfram að þróa efniviðinn með hann í huga en það verkefni var síðan lagt til hliðar. Dúkkandi tónsmíðin næst upp í aðdraganda keppni um opnunartónverk Hörpu árið 2011 og efninu þá pakkað í knappt 10 mínútna form sem hljómsveitarverk. Aftur var verkið lagt til hliðar en tekið fram og endanlega klárað í ársbyrjun 2015 og þá sem píanókonsert.“

Rolf Wallin

Act



Norska tónskáldið og framúrstefnutónlistarmaðurinn Rolf Wallin (f. 1957) er í fremstu röð norrænna tónskálda af sinni kynslóð. Hann lærði tónsmíðar við Norska tónlistarháskólann hjá Finn Mortensen og Olav Anton Tommesen og síðar hjá Roger Reynolds við Kaliforníuháskóla í San Diego. Í mörgum verka sinna blandar Wallin saman frjálsu tónmáli og ströngum stærðfræðireglum. Þannig notar hann til dæmis reikniforrit til að þróa laglínur og hljóma og minnir útkoman um margt á tónlist Ligetis, Xenakis og Berios. Í aðra röndina er tónlist Wallins langt frá því að vera óhlutstæð. Sem dæmi má nefna *Concerning King* frá 2006, verki sem er byggt á bótum úr ræðum Martins Luther King og *Strange News* frá 2007 sem segir sögu af endurhæfingu barnungra hermanna í Afríku.

Rolf Wallin samdi hljómsveitarverkið *Act* árið 2004 að beiðni Cleveland-hljómsveitarinnar sem frumflutti verkið 4. mars sama ár undir stjórn austurríska hljómsveitarstjórans Franz Welsler-Möst.

Um verkið segir höfundurinn: „Verkið gengur út á hraða, það fjallar um kraftinn sem býr í samvinnu. Á tímum þegar allt er miðað út frá harðri samkeppni er gott að minna sjálfan sig á, að helsta ástæða þess að mannkynið hefur lifað af á þessari jörð, er hæfileiki okkar til að vinna saman. Sinfóníuhljómsveitin er í mínum huga eitt stórkostlegasta dæmið um samvinnu; hundrað afburða hljóðfæraleikarar mynda í sameiningu eina risavaxna, lífræna heild, og umbreyta ósveigjanlegum línunum og punktum nótnamyndarinnar í lifandi en um leið ósýnilegan hljóm. Og ég spurði sjálfan mig, hvernig myndi þessi risavaxna músíkalska lífvera hegða sér í huga mínum? Í verkinu sem tekur um tíu mínútur í flutningi, læt ég hljómsveitina safna saman kröftum sínum, finna út hvernig best sé að haga samvinnunni. Að lokum kemst hún á fullan skrið og verkið hendist áfram í átt að lokaátökunum.“

Sigurður Ingvi Snorrason

Tónlistin á Íslandi

Hljómsveitarverk Rolfs Wallin, Act, hefur einu sinni áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þegar norsk hljómsveitarstjórinn Eivind Aadland stýrði flutningi verksins í Háskólabíói 6. október 2005. Lauk tónlistargagnrýnandi Morgunblaðsins lofsorði á verkið og skrifaði meðal annars: „Uppbygging verksins var stílhrein, stígandin var úthugsuð og rökrétt, og mismunandi raddir hljómsveitarinnar runnu auk þess svo skemmtilega saman að maður dáðist að.“

Á döfinni

Ný föstudagsröð í Norðurljósum

Í mars hefur göngu sína ný og fersk tónleikaröð í Norðurljósum undir stjórn Daníels Bjarnasonar hljómsveitarstjóra og staðarlistamanns Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á tónleikunum teflir Daníel saman fullvaxta hljómsveitarverki og einleiksverki sem þó eiga sitthvað sameiginlegt. Tónleikarnir sem eru klukkustundarlangir og hefjast kl. 18 eru tilvalinn upptaktur að skemmtilegu kvöldi eða lokahnykkur á vinnuvikunni. Miðaverði er stillt í hóf og einnig er hægt að kaupa áskriftarkort að röðinni.

Meistarar laglínunnar	4. mars
Hafið, hafið ...	1. apríl
Tímamótaárið 1910	6. maí



Yrkja – Tónskáldastofa

Sinfóníuhljómsveitin og Tónverkamiðstöðin bjóða þremur tónskáldum að verja níu mánuðum með hljómsveitinni þar sem þau munu þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit og frumflytja ný verk. Tónskáldin fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar og vinna náðið með hljóðfærleikurunum undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar.

Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og eru þátttakendur hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. Þetta níu mánaða ferli mun meðal annars fela í sér tvær tónskáldastofur og uppskerutónleika með Sinfóníuhljómsveitinni 13. apríl kl. 18:00.

Á döfinni

Tectonics Reykjavík

Tónlistarhátíðin Tectonics Reykjavík fer fram í fimmta sinn í Hörpu dagana 14. og 15. apríl. Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir hátíðinni og sem fyrr er Ilan Volkov listrænn stjórnandi hennar. Dagskráin fer fram frá kl. 18 til 23 báða dagana. Alls verða haldnir átta tónleikar sem eru að vanda stútfullir af spennandi tónlist.

Meðal listamanna sem koma fram auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru Roscoe Mitchell (US), Peter Ablinger (AU), Goodiepal (DK) og Séverine Ballon (FR). Sinfóníuhljóm-sveitin frumflytur alls átta ný verk sem flest verða frumflutt á heimsvísu á hátíðinni. Höfundar þessara verka eru: Jim O'Rourke, Peter Ablinger, Roscoe Mitchell, Hilmar Örn Hilmarsson, Frank Denyer, Davíð Franzson, Þráinn Hjálmarsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir.

Fiðlukonsertar Sigrúnar Eðvaldsdóttur

Út er kominn nýr hljómdiskur í röð sem endurspeglar mikilvæg augnablik helstu einleikara úr röðum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sigrún Eðvaldsdóttir er í hlutverki einleikarans á þessum diskum sem inniheldur fjóra af þekktustu fiðlu-konsertum tónbókmenntanna frá 19. og 20. öld eftir Brahms, Dvořák, Sibelius og Berg. Konsertarnir eiga það sameiginlegt að einleikshlutverk þeirra allra er mjög krefjandi, bæði hvað tækni og mótun varðar en um leið er hlutverk hljómsveitar-innar íburðarmikið. Þá eru þeir allir sömuleiðis einu fiðlu-konsertar tónskáldanna.



Hljómsveit á tónleikum

28. janúar 2016

1. FIÐLA

Síf Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Pascal La Rosa
Andrzej Kleina
Bryndis Pálsdóttir
Laufey Jensdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir

2. FIÐLA

Roland Hartwell
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Móeiður Sigurðardóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júliana Mogensen
Lovisa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Fanny Kloeveknorn
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Þorkell Jólsson

TROMPET

Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Elisabet Waage

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Valgerður Auður Andrésdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier aðalhljómsveitarstjóri frá september 2016

Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi
Vladimir Ashkenazy heiðursstjórnandi
Daniel Bjarnason staðarlistamaður

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Greipur Gíslason verkefnastjóri
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri
Jökull Torfason umsjónarmaður nótna



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systurum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjödamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



Kvikmyndatónleikar

Jóhann Jóhannsson

Fim. 17. mars » 20:00

Tryggið ykkur miða

Jóhann Jóhannsson: Tónlist úr *The Theory of Everything* og *Prisoners*

Jonny Greenwood: Tónlist úr *There Will Be Blood*




Mica Levi: Tónlist úr *Under the Skin* auk kvikmyndatónlistar eftir John Williams

Adrian Prabava hljómsveitarstjóri

Jóhann Jóhannsson telst nú til helstu kvikmyndatónskálda samtímans. Hann hlaut Golden Globe-verðlaunin og var tilnefndur til Óskarsverðlauna og BAFTA verðlauna á síðasta ári fyrir bestu frum-sömdu tónlist í bresku stórmyndinni *The Theory of Everything*. Þá hlaut hann nýlega tilnefningu til Grammy verðlauna fyrir sömu mynd.

Á þessum tónleikum verða frum-fluttar nýjar hljómsveitarsvítur með tónlist hans úr *The Theory of Everything*, sögunni um líf Stephens Hawking og *Prisoners* með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðal-hlutverkum.

Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið efnisskrá með eftirlætisverkum sínum, bæði vel og minna þekktum gullmolum kvikmyndanna.

   @icelandsymphony #sinfó

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar